

# Allskonar Akureyri

Mannréttindastefna Akureyrarbæjar  
2020 – 2023



Akureyrarbær

## Innihald

Mannréttindastefna Akureyrarbæjar .....	1
Grundvöllur mannréttindastefnu Akureyrarbæjar .....	3
Framtíðarsýn .....	5
Ábyrgðaraðilar .....	6
Aðgerðaráætlun 2020 – 2023 .....	8
Akureyrarbær sem stjórnvald .....	8
Akureyrarbær sem vinnuveitandi .....	11
Akureyrarbær sem þjónustuaðili .....	13
Akureyrarbær sem samstarfsaðili og verkkaupi .....	16
Endurskoðun og eftirfylgni .....	17
Hugtakalisti .....	18
Mynd 1 Mismununarbreytur sem stefnan nær til .....	4
Tafla 1 Ábyrgðaraðilar og ábyrgðarsvið .....	7

## Grundvöllur mannréttindastefnu Akureyrarbæjar

Lýðræðislegt samfélag byggir á því að allir séu jafnir fyrir lögum og njóti mannréttinda. Mannréttindi leggja grunn að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands, mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum. Til ársins 2019 hefur jafnréttisstefna Akureyrarbæjar takmarkast við jafnrétti kynjanna í samræmi við íslenska jafnréttislöggjöf til ársins 2018. Stefnan hefur því verið í samræmi við ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir kölluð jafnréttislög). Þar er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og gera jafnréttisáætlanir og ýmsar aðrar skyldur sveitarfélaga.

Á árinu 2018 breyttist íslensk jafnréttislöggjöf. Í ársbyrjun það ár tóku gildi breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sem gerir fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn, skylt að öðlast jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Akureyrarbær hefur aðlagð jafnréttisstefnuna að lagabreytingunni. Þann 1. september 2018 tóku einnig í gildi tvö ný lög á Alþingi sem snúa að mannréttindum. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, alþjóðlegir sáttmálar og núgildandi lög eru lögð til grundvallar í nýrri mannréttindastefnu Akureyrarbæjar og tekur hún nú mið af útvíkkun jafnréttishugtaksins og er heildstæð mannréttindastefna sem hefur þann tilgang að tryggja vernd allra íbúa.

### *Heildstæð sýn*

Með heildstæðri mannréttindastefnu er unnið gegn margþættri mismunun og lögð áhersla á heildstæða sýn þar sem réttindi fleiri hópa en kvenna og karla eru tryggð.

Stefnan grundvallast á eftirfarandi lögum:

- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018
- Lög um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018

Á grundvelli laga nr. 86/2018 tryggir stefnan jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. <sup>1</sup> Stefnan tryggir einnig á grundvelli laga nr. 85/2018 jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar.

---

<sup>1</sup> Í þessari stefnu er jafnan talað um sex mismununarbreitur til þess að einfalda og skýra en haft skal í huga að stefnan nær utan um allar mismununarbreitur sem falla undir lögin. Mismununarbreitur eru allar útskýrðar í hugtakalista.



Mynd 1 Mismunarbreytur sem stefnan nær til

### Skyldur sveitarfélaga

Sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki í þeirra eigu skulu sem atvinnurekendur setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem starfsfólki eru tryggð lögboðin réttindi, sbr. 18. gr. jafnréttislaga. Samkvæmt 12. gr. jafnréttislaga eiga í hverju sveitarfélagi að starfa jafnréttisnefndir sem veita sveitarstjórnnum ráðgjöf í jafnréttismálum og hafa frumkvæði að aðgerðum til aukins kynjajafnréttis. Jafnréttisnefndir hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára og skulu áætlanirnar liggja fyrir í síðasta lagi ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Akureyrarbær hefur skyldur sem vinnuveitandi samkvæmt þeim lögum sem þessi stefna byggir á og ber því að gera í jafnréttisáætlun sérstaklega grein fyrir hvernig vinna skal að kynjajafnrétti (lög nr. 10/2008) og jafnri meðferð (lög nr. 86/2018) einstaklinga á vinnumarkaði.

Með skýru banni við mismunun utan vinnumarkaðar (lög nr. 85/2018) er horft til þess að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga af sömu ástæðum.

Sérstakar kröfur eru einnig gerðar til sveitarfélagsins vegna skólastarfs og íþrótt- og tómstundastarfs og tekur mannréttindastefnan mið af því.

Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu<sup>2</sup> á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Reynsla og gildismat allra samfélagshópa eru

<sup>2</sup> Í þessari stefnu nær kynjasambætting til sambættingar sjónarmiða allra sem stefnan tekur til og kallast því sambætting mannréttindasjónarmiða.

Lýðræðinu mikilvæg og því er eðlilegt að stuðla að breiðri þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku og að sjónarmiðum og þörfum allra hópa sé gert jafn hátt undir höfði.

### Meginsvið

Yfirmarkmið stefnunnar skiptast í þau fjögur megin svið sem bæjaryfirvöld skuldbinda sig til að vinna að mannréttindum á og endurspegla margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins sem *stjórnvalds*, sem *vinnuveitanda*, sem *veitanda þjónustu* og sem *samstarfsaðila*. Í aðgerðaáætlun er gerð grein fyrir aðgerðum, ábyrgðaraðila og innan hvaða tímaramma þær skuli unnar.

Mannréttindi barna eru tryggð hjá Akureyrarbæ í gegnum innleiðingarferli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Akureyrarbær gerir aðgerðaráætlun til tveggja ára í senn og gerð er grein fyrir framgangi í skýrslu þar um.

Þjónusta Akureyrarbæjar umfram svið þessarar stefnu er tryggð og veitt samkvæmt lögum um málefni aldraðra út frá þörfum og ástandi hins aldraða og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í velferðarstefnu Akureyrarbæjar er gerð nánari grein fyrir stefnu sveitarfélagsins og helstu verkefnum þess í velferðarmálum. Þjónusta Akureyrarbæjar gagnvart fólki af erlendum uppruna er einnig tryggð í fjölmenningsstefnu Akureyrarbæjar og Eyþings frá 2018.

### Framtíðarsýn

Fjölbreytni, jöfn meðferð og vernd gegn mismunun í víðum skilningi er yfirskrift mannréttindastefnu Akureyrarbæjar. Verkefni Akureyrarbæjar líkt og alls Íslands til næstu ára er að fyrirbyggja með skýrari hætti mismunun hvers konar, ekki síst margþætta mismunun og útfæra leiðir til að festa betur í sessi þekkingu, skilning og sýn sem tryggir og einkennir gott samfélag fyrir alla. Með aðgerðaráætlun þessarar fyrstu heildstæðu mannréttindastefnu sveitarfélagsins er lagt upp með að skýra hlutverk sveitarfélagsins og styrkja stoðir til að vinna í átt að þessu stóra verkefni. Framtíðarsýn Akureyrarbæjar endurspeglar þá stefnu:

- ✓ Íbúar á Akureyri njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúar, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníngar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.
- ✓ Mannréttindi og fjölbreytni eru leiðarstef í allri stefnumótun og ákvarðanatöku hjá Akureyrarbæ.
- ✓ Starfsfólk og stjórnendur Akureyrarbæjar hafa skýra mannréttindasýn.

- ✓ Stjórnendur hjá Akureyrarbæ skapa rými fyrir aðlögun og fjölbreytileika.
- ✓ Mannréttinda – og jafnréttisfræðsla er fléttuð inn í allt skólastarf og skilningur og þekking fest í sessi hjá kennurum.
- ✓ Stúlkur og drengir mennta sig og stunda félagslíf sem ekki mótast af hefðbundnum kynjahlutverkum.
- ✓ Íbúum á Akureyri líður vel andlega og líkamlega, eru sáttir í eigin skinni og hafa jákvætt viðhorf til sín og annarra.
- ✓ Akureyrarbær leggur áherslu á samvinnu og viðskipti við aðila sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun á sviði mannréttinda.

### Ábyrgðaraðilar

Mannréttindastefna Akureyrarbæjar er miðlæg stefna sem öll svið og stofnanir bæjarins fylgja.

Ábyrgðaraðilar eru skilgreindir hér að neðan.

#### *Frístundaráð*

Frístundaráð fer með hlutverk jafnréttisnefndar. Í samræmi við jafnréttislög fjallar ráðið um stöðu ýmissa hópa innan sveitarfélagsins og er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í þeim málefnum sem varða mannréttindi. Ráðinu ber að fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt allra. Frístundaráð hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlunar og tekur annað hvert ár saman skýrslu samkvæmt beiðni frá Jafnréttisstofu um stöðu og þróun jafnréttismála innan sveitarfélagsins.

#### *Jafnréttisráðgjafi*

Sviðsstjóri samfélagssviðs gegnir starfi jafnréttisráðgjafa. Sviðsstjóri samfélagssviðs sér um framkvæmd og eftirfylgni með mannréttindastefnu í samvinnu við frístundaráð og bæjaryfirvöld. Það er hlutverk hans að veita stofnunum og starfsfólki bæjarins fræðslu og ráðgjöf um hvaðeina sem snertir mannréttindi, m.a. samþættingu jafnréttisstarfs við starfsemi bæjarins. Sviðsstjóri samfélagssviðs hefur einnig umsjón með úttektum og rannsóknum á stöðu og kjörum ýmissa hópa ýmist í bæjarkerfinu eða íbúa.

#### *Stjórnendur skólastarfs*

Stjórnendur skólastarfs bera ábyrgð á því að kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í og að fræðsla um mannréttindi sé hluti af skólastarfi og útfærð í skólanámskrám. Þeim ber að tryggja að nemendur fái í náms- og starfsfræðslu kynningu á störfum sem teljast hefðbundin kvenna- og

karlastörf. Þeim ber að tryggja að námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra barna að leiðarljósi. Þeir bera einnig ábyrgð á því að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi.

#### Stjórnendur í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfs

Stjórnendur í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfs ber að skipuleggja félags- og tómstundastarf með mannréttindi og jafna meðferð einstaklinga að leiðarljósi. Það skal tryggt að félagsamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Akureyrarbær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti mannréttinda og jafnri meðferð í hvívetna.

#### Aðrir ábyrgðaraðilar

Ábyrgðarsvið	Ábyrgðaraðilar
Fara eftir stefnunni og vinna að framgangi hennar.	Kjörnir fulltrúar, nefndafólk, stjórnendur og starfsfólk.
Tryggja að mannréttindi séu virt í stjórnkerfi bæjarins á vinnustöðum og í þjónustu.	Stjórnendur og starfsfólk.
Kynna stefnuna.	Stjórnendur.
Samþætta mannréttindasjónarmið í fjárhagsáætlun.	Stjórnendur, þróunarleiðtogar.
Samþætta mannréttindasjónarmið í stefnumótun.	Stjórnendur, þróunarleiðtogar.
Tryggja starfsfólki fræðslu um mannréttindi.	Stjórnendur.
Vinna markvisst gegn fordómum og staðalímyndum innan þjónustustofnana og gagnvart notendum þjónustunnar.	Stjórnendur.
Tryggja fjármagn sem þarf til að mannréttindi séu virt.	Kjörnir fulltrúar og stjórnendur.
Vinna starfsáætlun í mannréttindum.	Bæjarráð.
Sjá til þess að inn í starfsáætlunum nefnda og ráða séu jafnréttismarkmið.	Bæjarráð.
Kalla árlega eftir skýrslu um framkvæmd mannréttindamála hjá Akureyrarbæ.	Bæjarráð.
Tileinka sér innsýn og þekkingu á mannréttindamálum.	Stjórnendur, þróunarleiðtogar.
Styðja starfsfólk í mannréttindastarfi.	Stjórnendur, þróunarleiðtogar.

Tafla 1 Ábyrgðaraðilar og ábyrgðarsvið

## Aðgerðaráætlun 2020 – 2023

### Akureyrarbær sem stjórnvald

#### *Jafnréttisnefnd Akureyrarbæjar*

Bæjarstjórn skipi jafnréttisnefnd sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ásamt mannréttindi allra bæjarbúa í samræmi við stefnu þessa. Jafnréttisnefnd hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlunar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Frístundaráð gegnir hlutverki jafnréttisnefndar sveitarfélagsins.	Bæjarstjórn.	Eftir kosningar.

#### *Kynning fyrir íbúum og starfsfólki*

Starfsfólk og íbúar þekki og séu upplýstir um Mannréttindastefnu Akureyrarbæjar. Frammistaða í jafnréttismálum og mannréttindamálum almennt birtist íbúum í gegnum samskipti þeirra við sveitarfélagið, í þeirri þjónustu sem íbúar fá og á vinnustað þegar starfsfólk sveitarfélagsins á í hlut.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Mannréttindastefna kynnt íbúum.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Lokið í mars 2020.
Mannréttindastefna kynnt starfsfólki og bæjarfulltrúum.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Lokið í mars 2020.

#### *Nefndir, ráð og stjórnir*

Nefndir skulu skipaðar á fjölbreyttum grunni. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal í samræmi við jafnréttislög gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Það sama gildir um hlutafélög og fyrirtæki sem Akureyrarbær er aðaleigandi að. Vinnuhópar og starfshópar sem stofnað er til á vegum bæjarins skulu skipaðir einstaklingum af báðum kynjum og mikilvægi fjölbreytni haft í huga.



Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til forseta bæjarstjórnar. Kynjahlutfall formanna nefnda verði skoðað sérstaklega.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Samantektir verði gerðar í maí ár hvert.
Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2022 verður sérstök hvatning send öllum þeim framboðum sem hyggjast bjóða fram þar sem hvatt verður til jafnrar stöðu kynjanna og fjölbreytni á framboðslistum.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Snemma árs 2022 verði hvatning send til framboða.

### *Samþætting mannréttindasjónarmiða í stefnumótun*

Horft verði til þeirra þátta eftir atvikum sem snert geta kyn, hinsegin fólk, fólk á mismunandi aldri, með mismunandi trú, af ólíku þjóðerni og með ólíka fötlun á ólíkan hátt og brugðist við ef sýnt þykir að verulega muni halla á einhverja breytu með ákveðinni ákvörðun. Mikilvægt er að meta hvaða áhrif ákvarðanir bæjaryfirvalda muni hafa á líf ólíkra hópa.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fræðsla um samþættingu mannréttindasjónarmiða fyrir alla bæjarfulltrúa, nefndafólk og stjórnendur.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Fræðsla í upphafi kjörtímabils, eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.
Þróunarleiðtogar vinna markvisst að samþættingu mannréttindasjónarmiða.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Fræðslupakki kynntur þróunarleiðtogum sviða og ráða í maí 2020.

### *Samþætting mannréttindasjónarmiða í fjárhags- og starfsáætlanagerð*

Mannréttindasjónarmið samþætt ráðstöfun og tekjuöflun Akureyrarbæjar og ávallt teknar upplýstar ákvarðanir við nýtingu fjármuna í samræmi við ólíkar þarfir einstaklinga óháð kyni, aldri og fötlun eftir tilvikum<sup>3</sup>.

<sup>3</sup> Aðgerðir tengdar þessu stefnumarkmiði og fleirum takmarkast ávallt við þær upplýsingar sem Akureyrarbær getur og má afla.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kyn- og aldursgreindum gögnum um þjónustuþætti bæjarins verði safnað markvisst til þess að auðveldara sé að taka upplýstar ákvarðanir við nýtingu fjármuna.	Sviðsstjórar.	Alltaf.
Fjársýslusvið móti stefnu um miðlæga gagnasöfnun með því markmiði að gera greiningarskýrslur opinberar.	Fjársýslusvið.	Stefna um gagnasöfnun tilbúin í desember 2020.
Gátlistar nýttir í ráðum bæjarins til þess að skima hvort tillögur hafi jafnréttisáhrif og taka upplýstar ákvarðanir út frá mannréttindasjónarmiði.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Gátlistar við jafnréttisskimun tilbúin í apríl 2020.
Jafnréttismat skal framkvæma á nýjum verkefnum sem teljast hafa jafnréttisáhrif við yfirferð gátlista.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Verklag við jafnréttismat tilbúið til notkunar í september 2020.

### Afnám staðalímynda

Haldið verði á lofti jákvæðum ímyndum af fólki óháð kyni, kynhneigð, - vitund, - tjáningu og -einkenni, aldri, trú, þjóðerni eða fötlun og samhliða því unnið gegn fordómum, háttsemi, málfari og myndmáli sem byggja á hugmyndum um æðri og óæðri stöðu eins samfélagshóps eða á staðalímyndum. Umfjöllun og myndbirtingar á upplýsingamiðlum Akureyrarbæjar mismuni ekki hópum eða einstaklingum eða séu þeim til minnkunar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki og bæjarfulltrúum verði veitt fræðsla um staðalímyndir og hvatt til að fjalla um þær á sínum vettvangi.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Rafræn handbók/leiðbeiningar um fjölbreytileika og staðalímyndir útbúin og aðgengileg öllu starfsfólki í starfsmannahandbók og kynnt fyrir bæjarfulltrúum. Lokið júní 2020.
Ritaður texti og myndbirtingar mismuni ekki eða séu einstaklingum eða hópum til minnkunar.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Alltaf.

### Jafnréttisáætlanir

Vinnustaðir bæjarins með 25 starfsmenn eða fleiri geri aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir í samræmi við jafnréttislög. Þetta gildir einnig um hlutafélög og fyrirtæki sem Akureyrarbær er aðaleigandi að svo og félög sem hafa styrktarsamninga við Akureyrarbæ. Sérstaklega skal fjallað um staðalímyndir og hvernig jafnrétti og mannréttindi er fléttað inn í starf og ákvarðanir.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Því fylgt eftir að vinnustaðirnir sem um ræðir setji sér jafnréttisáætlanir.	Stjórnendur þeirra stofnana og vinnustaða sem við á.	Sviðsstjóri samfélagssviðs kallar í desember ár hvert eftir upplýsingum um áætlanir stofnana.

### Þróunarleiðtogar

Þróunarleiðtogar séu málsvarar kynjasambættingar og mannréttinda og hafi innsýn og þekkingu á mannréttindum. Þróunarleiðtogar fái námskeið og fræðsluefni. Sameiginlegir fundir verði með þróunarleiðtogum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hvert ráð tilnefni þróunarleiðtoga og sviðsstjórar hverju sinni eru þróunarleiðtogar sviða.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Þróunarfulltrúar skulu skipaðir á fyrsta fundi ráða og stjórna eftir sveitarstjórnarkosningar
Funda- og fræðsluáætlun og verkefnisáætlun fyrir þróunarleiðtoga uppfærð ár hvert.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Lokið í janúar ár hvert.

## Akureyrarbær sem vinnuveitandi

### Launajafnrétti

Launajafnrétti stuðlar að fjölbreytni á vinnumarkaði og hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna. Starfsfólki hjá Akureyrarbæ skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni og aldri.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Launagreining framkvæmd reglulega til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar.	Sviðsstjóri stjórnáætlunssviðs.	Lokið í febrúar 2020.

Akureyrarbær innleiði jafnlaunastefnu	Sviðsstjóri stjórnslusviðs.	Lokið í janúar 2020.
Akureyrarbær innleiði jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og öðlist jafnlaunavottun.	Sviðsstjóri stjórnslusviðs.	Vinnu við innleiðingu staðals lokið á fyrri hluta árs 2020.

### Ráðningar

Vinnustaðir Akureyrarbæjar endurspeglir fjölbreytileika íbúa sem best og unnið verði markvisst að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla þannig að því að störf flokkist ekki í kvenna eða karlastörf, hvorki í almennum störfum né stjórnunarstörfum. Jafnframt mismuni Akureyrarbær ekki beint né óbeint vegna kynþáttar, þjóðernis eða aldurs við ráðningar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ráðningar skulu vera samkvæmt stjórnslulögum, jafnréttislögum, öðrum þeim gildandi lögum sem varða ráðningar og gildandi reglum og samþykktum bæjarins.	Ráðningavalldshafi.	Alltaf.
Reglubundnar tölfraeði upplýsingar á samsetningu vinnuafis innan sviða Akureyrarbæjar með tilliti til kyns og aldurs.	Stjórnslusvið.	Apríl ár hvert.

### Starfsþróun og endurmenntun

Tryggt verði að starfsfólk Akureyrarbæjar njóti sömu möguleika til starfsþróunar óháð kyni og aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólk sækir starfsþróun samkvæmt starfsþróunaráætlun vinnustaðar sem byggir á verkefnum og vaxtarþörf starfsfólks óháð kyni, aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.	Stjórnandi vinnustaðar.	Árlega.
Kallað eftir upplýsingum um stöðu starfsþróunaráætlana innan vinnustaða og/eða sviða.	Stjórnslusvið – mannauðsdeild.	Árlega að vori.

### Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Á vinnustöðum Akureyrarbæjar verði starfsfólki gert kleift að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð eins og kostur er og eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki gefinn kostur á mismunandi starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa.	Stjórnandi.	Alltaf.
Forráðamenn/foreldrar (feður og mæður) hvattir til að nýta/taka til jafns fæðingar- og foreldraorlof og heimaveru vegna veikinda barna.	Stjórnandi.	Alltaf.

### Kynbundin og kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi og hverskyns ofbeldi.

Akureyrarbær geri sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Stjórnendur séu ávallt meðvitaðir um ríkjandi vinnustaðamenningu.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð skulu vera til staðar og aðgengileg á opnum vef Akureyrarbæjar.	Stjórnsýslusvið – mannauðsdeild.	Alltaf.
Á vinnustöðum er hverskyns ofbeldi ekki liðið.	Allt starfsfólk.	Alltaf.
Reglubundin fræðsla um kynbundna- og kynferðislega áreitni.	Stjórnsýslusvið – mannauðsdeild.	Eftir þörfum innan vinnustaða, opin fræðsla að hausti og föst fyrir sumarstarfsmenn að vori.
Efnistöð í rafrænni skyldubundinni nýliðafræðslu.	Stjórnsýslusvið – mannauðsdeild.	Þegar starfsmaður kemur nýr til starfa.

### Akureyrarbær sem þjónustuaðili

#### Menntun og skólastarf

Allt uppeldis- og tólmstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum og er á ábyrgð Akureyrarbæjar og stofnana þess hafi jafna stöðu kynjanna og fjölbreytni nemendahópsins að leiðarljósi. Samþætta skal mannréttindasjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi.

**Stjórnendur skólastarfs bera sérstaka ábyrgð á að:**

- fræðsla um mannréttindi sé hluti af skólastarfi og sé nánar útfærð í skólanámskrám
- námsefni mismuni ekki einstaklingum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra barna að leiðarljósi
- kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í
- í náms- og starfsfræðslu sé lögð áhersla á að kynna störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf
- vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem þeir eru virkir þátttakendur. Jafnréttisfræðslu fylgi umræður um viðfangsefnið og skapandi verkefni.	Sviðsstjóri fræðsluviðs.	Alltaf.
Kennslu- og námsgögn skönnuð markvisst þannig að ekki sé mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, - tjáningar, - vitundar eða - einkenna, aldurs, trúar, þjóðernis eða fötlunar	Skólastjórnendur.	Alltaf.
Fræðsluvið innleiði notkun gátlista fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla þar sem farið er yfir atriði sem snerta mannréttindi nemendahópsins. Gátlistanum fylgi leiðbeiningar um notkun.	Sviðsstjóri fræðsluviðs.	Gátlistinn hefur verið þróaður og skal hann kynntur fyrir grunnskólastjórnendum í mars 2020.
Grunnskólar útfæri leiðir til að kynna fyrir nemendahópnum fjölbreyttar náms- og starfsleiðir.	Sviðsstjóri fræðsluviðs.	Á hverju vori.

### Tómstundir og íþróttir

Gerð krafa til félaga með fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ að gætt skuli samþættingar mannréttindasjónarmiða við alla áætlanagerð og stefnumótunavinnu. Einnig er mikilvægt að horfa til staðalímynda kynjanna í tómstunda- og íþróttastarfi.

## Stjórnendur í íþróttta-, tómstunda- og æskulýðsstarfs bera sérstaka ábyrgð á að:

- skipuleggja félags- og tómstundastarf með mannréttindi og jafna meðferð einstaklinga að leiðarljósi
- tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Akureyrarbær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti mannréttinda og jafnri meðferð í hvívetna

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Styrktarsamningar við félög sem sinna íþróttta- og tómstundastarfi innihaldi ákvæði um samþættingu mannréttindasjónarmiða og hvernig öryggi iðkenda sé tryggt.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Í hvert sinn sem samningur er undirritaður.
Fræðsla um staðalímyndir verði boðin öllum tómstunda- og íþróttafélögum bæjarins sem og starfsfólki Akureyrarbæjar sem vinnur að tómstunda- og íþróttamálum.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Á árinu 2020 verði fræðslufundur um staðalímyndir í boði í samstarfi við ÍBA.
Styrktarsamningar Akureyrarbæjar við félög sem sinna íþróttta- og tómstundastarfi innihaldi ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Ákvæði endurskoðað við endurskoðun samninga hverju sinni.
Nýting frístundastyrks greind eftir kyni og aldri.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Greining á hverjum vetri og greiningin nýtt til að jafna ráðstöfun frístundastyrks með samtali og upplýsingum til félaga.

*Jafnréttisviðurkenningar*

Frístundaráð veiti árlega jafnréttisviðurkenningu, eina eða fleiri. Viðurkenningin veitt þeirri stofnun, fyrirtæki, nefnd eða ráði Akureyrarbæjar, einstaklingi eða félagi sem hefur að mati nefndarinnar staðið sig best undangengið ár við framgang mannréttindamála á Akureyri með það að markmiði að auka jafnréttishugsun á Akureyri.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Frístundaráð auglýsir eftir tilnefningum.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Auglýst verði eftir viðurkenningum árlega að vori.

### Þjónusta fyrir alla

Fordómaleysi og skýr jafnréttissýn einkenni þjónustu Akureyrarbæjar og endurspeglast í henni. Hatursorðræða og hatursglæpir verði ekki liðnir á Akureyri og unnið gegn slíku með fræðslu.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjónustugildi bæjarins <i>Fagleg - Lipur - Traust</i> koma fram í mannauðsstefnunni. Þjónustan endurspeglast í árangri og góðri líðan starfsfólks.	Stjórnendur.	Alltaf og tilgreint nánar í mannauðsstefnu.
Starfsfólk Akureyrarbæjar þekki hatursorðræðu og hatursglæpi og áhrif þeirra.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Örfræðsla um hatursorðræðu og hatursglæpi verði í boði á starfsmannavef frá vorinu 2020.
Íbúar Akureyrarbæjar njóti jafnrar, sanngjarnrar og góðrar þjónustu óháð kyni, fötlun, þjóðerni, trú, kynhneigð, - einkennum, - tjáningu eða - vitundar eða aldri. Þjónustan sé tryggð með verkferlum og vinnulagi.	Stjórnendur.	Þjónustukannanir.

### Akureyrarbær sem samstarfsaðili og verkkaupi

#### Samvinna í þágu mannréttinda

Akureyrarbær vinni með opinberum aðilum háskólasamféluginu, einkaaðilum og félögum sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun og miðlun á sviði mannréttinda.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Við hvers konar styrkúthlutanir verði sérstaklega lögð áhersla á samvinnu við aðila þar sem verkefni endurspegla skýra sýn og þekkingarmiðlun á sviði mannréttinda.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Þegar styrkir eru auglýstir.
Þau félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ skulu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.	Sviðsstjóri samfélagssviðs.	Alltaf.



### Viðskipti í þágu mannréttinda

Akureyrarbær leggur áherslu á að allir þeir aðilar sem bæjarfélagið á viðskipti við virði mannréttindi.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í útboðsauglýsingum komi fram ákvæði um virðingu fyrir mannréttindum, kjarasamningum o.s.frv. eftir því sem við á.	Sviðsstjórar.	Útboðslýsingar endurskoðaðar fyrir vor 2020.

### Endurskoðun og eftirfylgni

Mannréttindastefna Akureyrarbæjar skili tilætluðum árangri. Ábyrgðaraðilar mannréttindastefnunnar yfirfari aðgerðir reglulega og árlega sé stöðumat á verkefnum lagt fyrir bæjarráð. Gildistími þessarar stefnu er þrjú ár, hún skal endurskoðuð eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Árlega farið yfir stöðu verkefna í bæjarráði.	Sviðsstjóri samfélagssviðs/frístundaráð.	Lokið í nóvember ár hvert.
Endurskoðun stefnu og tillaga að nýrri aðgerðaráætlun unnin á grundvelli stöðumats, kannana og árangurs.	Sviðsstjóri samfélagssviðs/frístundaráð.	Lokið ári eftir sveitarstjórnarkosningar, maí 2023.

## Hugtakalisti

<b>Aldur</b>	Lífaldur.
<b>Bein mismunun</b>	Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 86/2018
<b>Fordómar</b>	Fordómar eru það að dæma aðra fyrirfram. Með fordómum er alhæft um hegðun fólks eða hugarfar, oftast á neikvæðan hátt.
<b>Fjölbreytni/fjölbreytileiki</b>	Blanda kvenna og karla, hinsegin fólks, fólks af mismunandi þjóðerni og aldri og með mismunandi trú og fötlun á vinnustöðum og í samfélagi eftir því sem við á. Talið er að fjölbreytni á vinnumarkaði skapi meiri verðmæti heldur en einsleitni þar sem að nýsköpun og vöxtur verður frekar í hópi fólks með ólíkar skoðanir og bakgrunn.
<b>Fötlun</b>	Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunandi vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar. Í þessari stefnu nær mengið fötlun einnig yfir skerta starfsgetu og er því skilgreiningin víðtæk og í samræmi við skilgreiningu ÖBÍ og Evróputilskipunina sem lög nr. 86/2018 byggja á.
<b>Hatursorðræða</b>	Hver sú orðræða, bending eða atferli, skrif eða tjáning, sem er bönnuð sökum þess að hún kann að hvetja til ofbeldis eða saknæms athæfis gegn einstaklingi eða hópi sem nýtur verndar laganna, eða sökum þess að er lítillækkandi eða ógnandi fyrir slíkan einstakling eða hóp.
<b>Hatursglæpur</b>	Glæpur gegn fólki sem framdir eru að hluta til eða öllu leyti vegna fordóma eða haturs á grundvelli fötlunar, kynþáttar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna o.s.frv.
<b>Hinsegin</b>	Regnhlífarhugtak yfir allt það fólk sem er ekki gagnkynhneigt og/eða fellur ekki inn í það sem telst hefðbundið kyn eða kynhlutverk. Orðið hinsegin hefur verið talið of breitt til þess að setja í stefnur en orðið er víðast hvar notað í þessari stefnu og nær mengið hinsegin þá utan um þau hugtök sem falla undir gildissvið laganna: kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu.
<b>Innflytjandi</b>	Sá sem hefur sest að til langframa hér á landi, hefur annað móðurmál en íslensku og fæddist erlendis eða er með erlent ríkisfang.
<b>Jafnrétti kynjanna</b>	Kringumstæður þar sem konur og karlar njóta sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir kvenna og karla eru jafnmikils metnar. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil, og taki þátt í opinberu og einkalífi í jöfnum hlutföllum.
<b>Jöfn meðferð</b>	Þegar einstaklingum er hvorki mismunandi beint né óbeint vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 86/2018
<b>Kjör</b>	Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.
<b>Kyn</b>	Líffræðilegt kyn fólks.
<b>Kynbundin áreitni</b>	Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
<b>Kynferðisleg áreitni</b>	Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum

	þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.
<b>Kynhneigð</b>	Geta einstaklings til að laðast að eða verða ástfanginn af öðrum einstaklingi.
<b>Kynjasambætting</b>	Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu
<b>Kynvitund</b>	Upplifun einstaklings af eigin kyni.
<b>Kyneinkenni</b>	Litningar, kynkirtlar og líffærafræðileg sérkenni manneskju.
<b>Kyntjáning</b>	Dagsdagleg tjáning einstaklings á kynvitund sinni.
<b>Kynþáttur/kynþáttamisrétti</b>	Hópur fólks með svipuð arfgeng útlitseinkenni, svo sem hörundslit og hár, eða með tiltekna siði og trú sem gengið hafa í arf (orðið er notað um stærri og minni hópa t.d. indjána, norræna menn, araba, gyðinga). Því skal haldið til haga að mörg aðildarríki Evrópusambandsins hafa grundvallað skilgreiningu sína á kynþætti (e. race) og etniskum uppruna (e. ethnic origin) á skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis, á hugtakinu kynþáttamisrétti.
<b>Laun</b>	Almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein eða óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.
<b>Lífsskoðun</b>	Skoðun sem byggist á veraldlegum viðhorfum til lífsins, ákveðnum siðferðisgildum og siðferði ásamt skilgreindri siðfræði og þekkingarfræði
<b>Mannréttindi</b>	Mannréttindi eru réttindi sem í eðli sínu eiga við um alla menn, hværrar þjóðar sem þeir eru, óháð búsetu, kyni, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, tungumáli eða annarri stöðu. Við eigum öll jafnan rétt til að njóta mannréttinda án mismununar. Þessi réttindi eru fjölbreytt en samtengd og oft óaðskiljanleg.
<b>Margþætt mismunun</b>	Margþætt mismunun á sér stað þegar einstaklingur verður fyrir mismunun vegna nokkurra mismunandi þátta.
<b>Ofbeldi</b>	Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjóninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.
<b>Óbein mismunun</b>	Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 86/2018 borið saman við aðra einstaklinga nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar.
<b>Sambætting aldurssjónarmiða</b>	Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að mismunandi aldurssjónarmið séu á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun.
<b>Sambætting mannréttindasjónarmiða</b>	Í þessari stefnu er átt við að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig kynjasambættingar, sambætting fötlunarsjónarmiða og sambætting aldurssjónarmiða sé gætt.
<b>Sambætting fötlunarsjónarmiða</b>	Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn fatlaðra sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun.
<b>Skert starfsgeta</b>	Varanlegt líkamlegt, andlegt eða vitsmunalegt ástand sem er meðfætt eða síðar tilkomið og skerðir starfsgetu einstaklingsins á vinnumarkaði
<b>Starfsþróun</b>	Ferli til að þróa færni starfsmanns m.t.t. þarfa starfsmannsins og sveitarfélagsins. Hjá Akureyrarbær fellur starfsþjálfun, símenntun og endurmenntun undir starfsþróun og þessi hugtök notuð jöfnum höndum.
<b>Staðalímyndir</b>	Þær yfirborðskenndu hugmyndir sem við höfum um fólk út frá því hvaða hópi það virðist tilheyra, hvernig það klæðir sig, talar, ber sig o.s.frv. Staðalímyndir

---

	eru í raun fyrirfram gefnar hugmyndir um einstaklinga út frá samfélagslegri stöðu þeirra og byggja á alhæfingum sem standast ekki nánari athugun - enda eru engin tvö eins þótt þau tilheyri sama hópi.
<b>Trú</b>	Í víðum skilningi að hafa eitthvað fyrir satt eða vona að eitthvað muni gerast. Í þrengri skilningi orðsins getur það átt við trú á yfirnáttúrulegar verur eða algildan sannleika, án bindingar við skipulegan átrúnað. Trú getur einnig verið það að aðhyllast tiltekin trúarbrögð, að tilheyra tilteknu trúfélagi. Í þessari stefnu nær mengið trú utan um trúarbrögð, lífsskoðun og trúleysi.
<b>Þjóðerni</b>	Það að tilheyra stórum hópi fólks sem talar oftast sama tungumál, á sameiginlega sögu og menningu. Mengið þjóðerni í þessari stefnu nær einnig utan um erlendan uppruna, kynþátt og innflytjanda.

---